

## Þemadagar

Dagana 12.-15. nóvember var þemavika í Akurskóla sem bar yfirskriftina „Hreyfing og heilsurækt“. Markmið þemavikunnar var að hvetja nemendur til hreyfingar og útivistar. Nemendum var blandað saman í hópa úr ólíkum árgöngum. Átta smiðjur voru í boði og fór hver hópur einu sinni í hverja smiðju. Í boði voru smiðjur í grímugerð, tónlist/slökun, ratleik, óhefðbundnum íþróttagreinum, fitnessbraut og heilsuhúsi.



## Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í Akurskóla á fæðingardeggi Jónasar Hallgrímssonar, þann 16. nóvember síðastliðinn. Á þessu ári eru liðin 200 ár frá fæðingu hans. Jónas var náttúrufræðingur og jafnframt ástsælasta ljóðskáld Íslendinga en með orðsnilld sinni, þekkingu og ást á íslenskrri náttúru kenndi hann þjóðinni að meta landið í gegnum ljóð sín. Nemendur og starfsmenn Akurskóla minntust Jónasar við varðeld í víkinni Kópu í Innri-Njarðvík. Nemendur sungu ljóð eftir íslenska höfundu, hlustuðu á upplestur á ljóð eftir Jónas og einnig var flutt æviágríp um skáldið.



## Litlu jól og jólafrí

Litlu jólin verða haldin í Akurskóla fimmtudaginn 20. desember frá kl: 9 til 11. Nemendur mega koma með smákökur og lítinn pakka að verðmæti 300 krónur. Boðið verður upp á ískalda mjólk eða vatn og hlustað á jólatónlist. Á litlu jólunum verður dansað kringum jólatré á sal skólans. Einnig verður samvera í kennslurýmum. Jólafrí nemenda hefst kl. 11 þann 20. desember en síðasti opunardagur fyrir jól í frístundaskólanum er miðvikudagurinn 19. desember. Skólinn hefst að loknu jólafríi skv. stundatöflu mánudaginn 7. janúar.

  
Sparisjóðurinn í Keflavík

## Tónlist fyrir alla

Priðjudaginn 13. nóvember var tónlist fyrir alla í skólanum. Að þessu sinni var það hljómsveitin Hundur í óskilum sem skemmti krökkunum. Mikið fjör var enda fóru tónlistarmennirnir á kostum.



## Gegnum rifurnar

Nemendur í 3. til 8. bekk fengu skemmtilega heimsókn. Var þar á ferð rithöfundurinn Sirrý Sig sem kom og las fyrir nemendur úr nýútkominni bók sinni Gegnum rifurnar. Nemendur sátu hljóðir og áhugasamir undir lestrinum.



## Textílmennt

Allir nemendur í Akurskóla læra að þæfa þegar þeir koma í textílmennt. Yngri krakkarnir hafa þæft kúlur sem þeir skreyta svo með pallíettum. Þær eru tilvaldar á jólatré en eldri krakkarnir læra að þæfa flöt stykki og gera úr þeim jólakort eða nálapúða. Krakkarnir í 7. og 8. bekk eru að sauma náttbuxur og hafa staðið sig mjög vel í því enda vantar ekki áhugann.



## Hvar er Stekkjastaur?

Nemendum í 1. og 2. bekk var boðið á jólaleikritið Hvar er Stekkjastaur frá Möguleikhúsinu og var sýningin í Frumleikhúsinu við Vesturbraut. Nemendur skemmtu sér vel eins og sjá má á myndunum.



## Dúkkur

Barnasprengrja varð í Hákotí í nóvember þegar nemendur 8. bekkjar fengu svokallað raunveruleikabarn í fóstur yfir helgi. Hinir nýbökuðu foreldrar tóku andvökunóttunum með stakri ró og mættu galvaskir í skólann eftir helgina. Ekki var annað að sjá en að hér væru væntanlegir fyrirmyndaruppallendur á ferð. Verkefnið gefur grunnskólanemendum tækifæri til að sjá foreldrahlutverkið í réttu ljósi og er hugsað til þess að seinka ótímabærum barneignum unglinga.



## Aðventan



Í desember hafa nemendur fönðrað hin ýmsu listaverk tengd jólnum. Mánu- daginn 10. desember héldu nemendur til kirkju þar sem séra Baldur Rafn tók á móti þeim og fræddi þau m.a. um jólin og jólahald. Einnig sungu nemendur jólalög. Eftir kirkjuferðina var haldið aftur í skólann þar sem beið þeirra ilmandi hangikjöt, kartöflur, baunir og rauðkál. Kennarar og starfsfólk þjónuðu til borðs. Jólalög voru spiluð og allir skemmtu sér konunglega enda ekki á hverjum degi sem hátíðarmatur er á borðum.



## Dröfn kveður

Dröfn aðstoðarskólástjóri hefur verið ráðin kennsluráðgjafi innflytjenda hjá Reykjanesbæ og mun því kveðja okkur um áramót. Við þökkum Dröfn fyrir frábært samstarf og óskum henni farsældar í nýju og krefjandi starfi.

## Fréttir

Starfsmenn Akurskóla sátu síðastliðinn þriðjudag fyrirlestur um einstaklingsmiðað nám. Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir kom og hélt góðan fyrirlestur. Niðurstöður voru þær að eftir því sem nemendur fá fjölbreyttari kennslu því betur tengja þau það sem þau læra og skilningurinn eykst. Fjölbreyttir kennsluhættir leiða til einstaklingsmiðaðs náms. Fyrir þá sem vilja kynna sér þetta betur bendum við fólki á að lesa fræðigreinar eftir Mihaly Csikszentmihalyi.

## Stóra upplestrarkeppnin

Um þessar mundir eru að hefjast æfingar hjá 7. bekk fyrir stóru upplestrarkeppnina sem mun fara fram í byrjun næsta árs. Upplestrarkeppnin verður í Akurskóla í lok febrúar þar sem tveir nemendur verða valdir fyrir hönd skólans til áframhaldandi þátttöku í keppninni. Lokahátíð verður í mars í bæjarfélaginu, þar sem saman koma fulltrúar skólanna og keppa í upplestri.

Kjörorð keppinnar er: Lærum að njóta þess að flytja móðurmál okkar, sjálfum okkur og öðrum til ánægju.

## Leikskólaheimsóknir

Leikskólarnir Holt og Akur komu með elstu börn leikskólanna í heimsókn í Akurskóla. Dröfn sýndi þeim skólann og leist öllum mjög vel á hann.



## LEGOkeppni

Nemendur Akurskóla tóku þátt í alþjóðlegri Legokeppni.

Keppnin nefnist "First Lego League" og var haldin Háskóla Íslands þann 10. nóvember síðastliðinn. Markmið hennar er að efla tækni- og raunvísindaáhuga barna á grunnskólastigi.



## Tónlistarsmiðja



Sigurður Sævarsson tónskáld heimsótti nemendur í tónlistarsmiðju og svaraði spurningum nemenda. Auk þess leyfði hann þeim að hlusta á brot úr verkum sínum.

## Ritgerðarsamkeppni HS



Gunnar Hildimar Halldórsson vann nýverið í ritgerðsamkeppni HS. Það voru nokkrir nemendur í 8. bekk sem sendu inn verk sín og höfðu þeir frá Hitaveitunni það á orði að þetta hefðu verið geysilega skemmtilegar ritgerðir. Við óskum Gunnari til hamingju.

## Akurskjól

Gaman saman í Akurskjóli

Þá er jólaundirbúningurinn kominn á fullt hjá okkur í Akurskjóli. Og eins og alltaf eru börnin búin að vera mjög skapandi í því sem þau hafa verið að gera.



## Stjörnustríð

Ljód úr tónlistarsmiðju yngri nemenda

*Einu sinni fór ég í stjörnustríð.  
Svo hitti ég Yoda og hann var mjög lítill.  
Ég sá stóra geimveru og hún var ekki blíð.  
En hann Yodi var algjör tvítill.  
Þeir börðust á plánetu og ég horfði á.  
En svo datt ég úr rúminu uuuu uuuups  
Þetta var bara draumur.*

Halldór Berg, Elís, Sonja, Telma, Ólafur, Jón Bergþór, Kristján Jón, Unnar, Hilmar Þór, Benjamín, Tanja, Fannar Dór og Gabríel Snær

## Félagslíf

Flottar dömur á 80's balli

Eins og sjá má á þessum myndum eru nemendur í Akurskóla fullir af hugmyndum þegar kemur að því að taka þátt í félagslífi skólans.



## Foreldrastarf

Foreldrafélag Akurskóla var með sitt árlega jólaföndur þann 7. desember og var það vel sótt. Hér eru einnig myndir frá námskeiðum foreldra og barna 1. til 4. bekkjar „Þú og ég, ég og þú, við tvö saman“ sem haldið var í nóvember. Markmið námskeiðsins er m.a. að skapa aðstæður foreldra og barna til að vinna að sameiginlegum áhugamálum og kynnast skólafélögum og foreldrum þeirra.



# Kornið

Fréttabréf Akurskóla

Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir

Akurskóli

Tjarnabraut 5

S: 420 4550 Fax: 420 4551

www.akurskoli.is

akurskoli@akurskoli.is